

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍKReykjavík, 18. apríl 2011
Tilvísun: 2011040004/50.11
Verknúmer: 1227000**Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni umrædds frumvarps og vill stofnunin koma á framfæri eftirfarandi athugasemd varðandi það. Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt sveitarfélaga til ákvarðana eða umsagna um nýtingu sjávarbotns eða sjávar innan íslenskrar lögsögu en utan marka sveitarfélags fer að ákvæðum sérlaga hverju sinni. Í athugasemdum við ákvæðið segir m.a. eftirfarandi: „Í 4. mgr. ákvæðisins er hreyft viðfangsefni sem til nokkurrar umræðu hefur verið í íslensku stjórnkerfi en það lýtur að mörkum sveitarfélaga til hafsins. Af ákvæði 1. mgr. leiðir að mörk sveitarfélagsins ráðast af ytri merkjum þeirra fasteigna sem innan þess liggja. Í því felst almennt, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, að ytri mörk sveitarfélaga til hafsins miðast við netlög sem teljast 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Um rétt sveitarfélaga til nýtingar, umsagnar um nýtingu, rétt til að skipuleggja svæði eða til annarra atriða, fer því samkvæmt þessu að ákvæðum sérlaga hverju sinni.“ Orkustofnun vekur athygli á að stofnunin leggur mikla áherslu á að leitað sé umsagnar viðkomandi sveitarfélaga vegna umsókna um leyfi á grundvelli framangreindra laga nr. 73/1990 þrátt fyrir að í þeim lögum sé hvergi kveðið á um lögbundna umsagnaraðila. Telur Orkustofnun hins vegar það vera í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga og mun stofnunin ekki slá af þeim kröfum sínum þrátt fyrir það tómlæti í áður nefndum lögum.

Þá bendir Orkustofnun á að stofnuninni er samkvæmt ákvæðum laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, skylt að leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við umrætt frumvarp til laga að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra
Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur